


# BOÐAÐ ER TIL KVENNAVERK FALLS ÞRIÐJUDAGINN 24. OKTÓBER 2023



## Kallarðu þetta jafnrétti?

Þriðjudaginn 24. október 2023, eru konur og kynsegin fólk hvött til að leggja niður launuð sem ólaunuð störf allan daginn eins og konur gerðu fyrst á kvennaári Sameinuðu þjóðanna árið 1975. Það var sögulegur viðburður á alheimsvísu enda lögðu 90% kvenna á Íslandi niður vinnu þann dag til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir samfélagið.

Þrátt fyrir áratugalanga baráttu búum við enn í samfélagi þar sem langlífasti og útbreiddasti faraldurinn sem við eigum við að etja er kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, ásamt því að framlag kvenna til samfélagsins er gróflega vanmetið.

Við sem samfélag virðumst orðin samdauna stöðunni og teljum að jafnrétti komi með tímanum — jafnvel þó vitað sé að það muni a.m.k. taka heila ævi.

Því blásum við, á fjórða tug samtaka kvenna, hinsegin fólks og hreyfinga launafólks til kvennaverksfalls á ný. Við leggjum niður störf til að sýna að sameiginlegur kraftur okkar er óstöðvandi. Þannig ætlum við að breyta samfélaginu og knýja fram jafnrétti strax.

Samstöðufundir, táknrænir viðburðir og gjörningar verða um allt land og við hvetjum konur og kvár til að sýna samstöðu undir slagorðinu **Kallarðu þetta jafnrétti?**

Við hvetjum konur og kvár í nærsveitum Reykjavíkur, svo sem Borgarfirði, Akranesi, Selfossi og af Suðurnesjum til að sýna samstöðu, fylkja liði og mæta á samstöðufundinn á Arnarhóli kl. 14:00.

Samstöðufundir verða einnig haldnir á Vestur-, Austur- og Norðurlandi, en frekari upplýsingar um þá verður að finna á [kvennaverksfall.is](https://kvennaverksfall.is). Þau sem ekki sjá sér fært að mæta á samstöðufundi eru hvött til að sýna samstöðu með öðrum hætti undir myllumerkinu #kvennaverksfall og með því að hvetja annað fólk til þátttöku.

Við gerum einnig ráð fyrir að líkt og áður muni vinnustaðir geri ráðstafanir til að gera konum og kvár kleift að taka þátt í Kvennaverksfalli og viðburðum dagsins án launataps. Einnig að feður, afar, frændur og bræður taki aðra og þriðju vaktina þennan dag svo sem með því að annast börn, eldri eða veika ættingja og allt skipulag sem í því og heimilishaldi felst.

Baráttukveðjur,

aðstandendur Kvennaverksfallsins 2023

Aflið (Akureyri)  
Alþýðusamband Íslands  
Bandalag kvenna í Reykjavík  
BHM - Bandalag háskólamanna  
BSRB  
Druslugangan  
Druslubækur og Doðrantar  
Delta Kappa Gamma, félag kvenna í fræðslustörfum  
Femínísk fjármál  
Femínistafélag HÍ  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Félag kynjafræðikennara  
Félag um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi  
Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna  
IceFemin  
Kennarasamband Íslands  
Knúz.is  
Kvenfélagasamband Íslands  
Kvennahreyfing ÖBÍ  
Kvennaráðgjöfin  
Kvennasögusafn Íslands  
Kvenréttindafélag Íslands  
Líf án ofbeldis  
Rótin  
Samtök um kvennaathvarf  
SSF - Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja  
Samtökin '78  
Soroptimistasamband Íslands  
Stígamót  
UN Women Ísland  
Ungar athafnakonur  
WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi  
W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi  
Q - félag hinsegin stúdenta  
Zontasamband Íslands  
Öfgar